

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 24. júní 2014 á Kjóavöllum.

## 11. fundur

Fundur hófst kl. 18:15

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Lárus Finnbogason, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdóttir og Hermann Vilmundarson. Hannes Hjartarson og Sigurður Halldórsson boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður.
3. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu þeirra verkefna sem hann hefur unnið að undanfarið.
4. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála félagsins. Heildarmyndin orðin skýrari og nauðsynlegt fyrir stjórn félagsins að sýna aðhald í fjármálum. Á ráðgerðum stefnumótunarfundi stjórnar í haust verður m.a. farið yfir fjármál félagsins, mögulega fjáröflun og almennan undirbúning fyrir vetrarstarfið.
5. Aðalfundir fasteignafélagsins og rekstrarfélagsins. Dagsetning fundanna ákveðin 25. júní nk. kl. 16:30. Fundirnir verða haldnir í félagsaðstöðu reiðhallarinnar á Kjóavöllum.
6. Landsmótsnefnd – staðan. Góður gangur er í undirbúningi fyrir Landsmótið á Hellu. Búið er m.a. að taka frá svæði á tjaldsvæðinu fyrir félagið. Á sama stað verða Fákur, Sörli, Hörður og Sóti einnig með frátekin svæði fyrir sína félagsmenn. Þá hafa öll félögin tekið á leigu samkomutjald sem staðsett verður á miðju svæðinu til afnota fyrir félögin. Sprettur hefur nú þegar tekið frá samkomutjaldið fyrir sína félagsmenn í tengslum við félagsgrillið föstudaginn 4. júlí kl. 18:00-20:00. Þá var tekin ákvörðun um að kaupa létta vindjakka fyrir keppendur í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum. Jakkarnir eru grænir og verða merktir keppendum ásamt því að merki Sprettis verður á baki og merki Landsmótsins að framan. Slíkir jakkar, merktir Spretti á baki, verða boðnir almennum félagsmönnum til kaups fyrir kr. 6.000.-. Þetta verður auglýst á heimasíðu Sprettis og mun framkv.stjóri sjá um verkefnið. Sprettarar munu því verða mjög sýnilegir á Landsmótinu á Hellu en nú þegar hafa margir keypt sér merktar softshell peysur og derhúfur.
7. Tekin fyrir umræða um frágagn og malbikun utanhús. Óskað verður eftir tilboðum í verkið.
8. Markavegur – malbikun. Til stendur að malbika Markavegin. Óskað verður eftir teikningum vegna verksins.
9. Metamótsnefnd – staðan. Umræða um stöðu mála og aðkomu stjórnar gagnvart undirbúningi fyrir mótið.

10. Keppnisvellir – framkvæmd og frágangur. Óskað verður eftir tilboðum í efni vegna frágangs á keppnisvöllum. Framkv.stj. heldur utanum verkefnið.
11. Félagsheimilið á Hattarvöllum. Á síðasta fundi stjórnar var ákveðið að auglýsa Félagsheimilið á Hattarvöllum 1 til sölu. Auglýsing verður send út í þessari viku.
12. Sumarið – starfsemi: Eftir þennan fund fer stjórn í sumarfrí út júlí. Stjórnarmenn verða þó í tölvupóstsamskiptum þannig að ef nauðsyn krefur getur stjórn afgreitt mál með þeim hætti.
13. Önnur mál.
  - Umræða um hesthús Kópavogsbæjar við Heimsenda 1. Nauðsynlegt er að ganga frá leigusamning við Kópavogsbæ sem fyrst vegna afnota félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:20

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir